

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júlímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júlímánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 5,6%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í júlímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tillögu umferðarnefndar Bolungarvíkur og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur er eftirfarandi hér með ákveðið varðandi umferð í Bolungarvík:

1. Stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Traðarlands og Stigahlíðar verði breytt í biðskyldumerki.
2. Stöðvunarskyldumerki á gatnamótum Ljósaland og Þjóðólfsvegur verði breytt í biðskyldumerki.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 14. júní 1993.

Ásta Valdimarsdóttir, sett.